

Þriðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 491/1989. **Iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Gunnari Johnsen

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Orlof. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi. Til vara krefjast þeir þess, að dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er annars vegar deilt um greiðslur vegna ótekins orlofs við starfslok stefnda hjá Orkustofnun 1987 og hins vegar um fjárhæð biðlauna hans mánuðina janúar - júní 1988. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Í orlofsuppgjöri til stefnda 18. desember 1987 kemur fram, að stefndi átti inni við starfslok 27 daga vegna orlofs 1987 og 1 dag frá árinu 1986. Viðurkennt er af hálfu áfrýjenda, að stefndi hafi verið bedinn um að fresta orlofstöku sinni fram yfir sumarorlofstíma 1987. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að stefndi hafi öðlast rétt til að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi stéttarfélags hans og fjármálaráðherra, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir gögnum og sjónarmiðum, sem

fram hafa komið í málinu varðandi fastar yfirvinnugreiðslur til stefnda. Áfrýjendur halda því fram, að samið hafi verið um greiðslu fyrir ákveðið vinnuframlag, sem næmi 300 klukkustundum á ári og dreifðist jafnt á alla mánuði ársins. Stefndi kveður hér hins vegar um að ræða greiðslu fyrir svokallaða óunna yfirvinnu og miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði, sem ætíð hafi verið greitt fyrir, jafnt í orlofi sem annars. Krefst hann þess, að tekið verði tillit til þessa við uppgjör á óteknu orlofi, þar sem greiðslur þessar hafi verið hluti af föstum launum sínum.

Ekki þykir það ráða úrslitum við úrlausn þessa ágreiningsefnis, hvort litið verði á umræddar yfirvinnugreiðslur sem hluta af föstum launum stefnda eða ekki. Upplýst er í málinu, að af þessum föstu yfirvinnugreiðslum var jafnan greitt orlofsfé. Verður að fallast á þá röksemd áfrýjenda, að greiðsla samkvæmt kröfu stefnda í þessu efni við uppgjör á óteknu orlofi feli í sér tvígreiðslu. Verða áfrýjendur því sýknaðir að þessu leyti af kröfum stefnda.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, deila aðilar í máli þessu ekki um rétt stefnda til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 frá 1. janúar til 30. júní 1988, og greiddu áfrýjendur honum dagvinnulaun þann tíma og orlofsfé af þeim launum. Aðilar deila hins vegar um það, hvað teljist til fastra launa í skilningi greinarinnar, er greiða skuli á biðlaunatíma.

Óumdeilt er, að stefndi hafði í starfi sínu hjá Orkustofnun um árabil fengið greiddar fastar yfirvinnustundir mánaðarlega án þess að þurfa að gera sérstaka grein fyrir þeirri vinnu. Einnig er upplýst, að greitt var auk þess fyrir yfirvinnu samkvæmt vinnuskýrslum. Hinar föstu yfirvinnugreiðslur byggðust á samkomulagi milli stefnda og yfirmanns hans hjá Orkustofnun, en í héraðsdómi eru, sem fyrr segir, rakin sjónarmið aðila varðandi tilurð og grundvöll þeirra.

Þegar allt það er virt, sem fram hefur komið í málinu um þetta efni, er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að framkvæmd greiðslna þessara hafi verið með þeim hætti, að líta verði á þær sem hluta af föstum launum, er fylgdu starfi stefnda samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Ekki þykir það eiga að hafa áhrif á þessa niðurstöðu, að samið var um greiðslurnar milli stefnda og yfirmanns hjá Orkustofnun, en ekki viðkomandi ráðuneytis. Fyrir

liggur, að launadeild áfrýjanda, fjármálaráðuneytis, hafði lengi innt þessar greiðslur af hendi og hafði þar með vitneskju um þær.

Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um greiðslu 25 yfirvinnustunda á mánuði til stefnda á biðlaunatíma.

Stefndi krefst þess einnig, að greitt verði orlof á yfirvinnu á biðlaunatíma. Með vísan til raka héraðsdóms þykir bera að staðfesta niðurstöðu hans um þessa kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að áfrýjendur greiði stefnda samtals 201.208 krónur, sem sundurliðast svo:

1. Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi kr. 69.687
2. Yfirvinna, 25 klukkustundir á mánuði, og orlof á hana á biðlaunatíma, janúar til júní 1988 — 131.341

Dráttarvextir af fjárhæðinni ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til sölu- og virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Gunnari Johnsen, 201.028 krónur með árlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 51,6% af 90.812 krónum frá 1. til 29. febrúar 1988, 45,6% af 112.359 krónum frá 1. til 31. mars 1988, 45,6% af 133.906 krónum frá 1. til 30. apríl 1988, 44,4% af 155.453 krónum frá 1. til 31. maí 1988, 44,4% af 177.000 krónum frá 1. til 30. júní 1988, 40,8% af 201.028 krónum frá 1. til 31. júlí 1988, 56,4% frá 1. til 31. ágúst 1988, 49,2% frá 1. til 30. september 1988, 23,6% frá 1. til 4. október 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september 1989, höfðaði Gunnar Johnsen, kt. 231049-6149, Dalsbyggð 10, Reykjavík, gegn iðnaðarráðherra, Arnarholi, Reykjavík, f.h. Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarholi, Reykjavík, með þingfestingu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 4. október 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 224.774 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Til vara krefjast stefndu þess, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Málavextir.

Stefnandi hóf störf hjá stefndu, Orkustofnun, í september 1975. Ráðning hans var upphaflega tímabundin til eins árs, en síðasti ráðningarsamningur er dagsettur 7. janúar 1977, og gildi hann frá 1. febrúar s.á. Ritað er á samninginn, að „staðan sé heimiluð“, og í samningnum er tekið fram, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé þrjú mánuðir. Stefnandi starfaði sem eðlisfræðingur í jarðhitadeild Orkustofnunar og tók síðustu tíu árin laun sem verkefnisstjóri/deildarverkfræðingur.

Með bréfi stefndu, Orkustofnunar, dags. 29. september 1987, var stefnanda tilkynnt, að vegna verulegs samdráttar í fjárveitingum til stofnunarinnar og þar af leiðandi samdráttar í verkefnum væri honum sagt upp störfum frá og með 30. september 1987. Uppsagnarfrestur var talinn þrjú mánuðir, til 31. desember 1987, en þann dag hætti stefnandi störfum hjá stefndu.

Þegar stefnandi lét af störfum hjá stefndu, hafði hann ekki tekið orlof, er svaraði 1,2921 mánuði. Stefnandi fékk 18. desember 1987 greitt dagvinnukaup þennan tíma, en telur sig eiga rétt á að fá yfirvinnukaup greitt í stað dagvinnu. Þá telur stefnandi, að hann eigi rétt á að fá greidda yfirvinnu, sem svari 25 stundum á mánuði á sama tíma. Stefnandi fékk greidd biðlaun í sex mánuði, frá áramótum 1987/1988 til júniloka. Upphæð biðlaunanna var miðuð við dagvinnu þessa sex mánuði, en stefnandi telur sig eiga rétt á 25 stundum í yfirvinnu á sama tíma auk orlofs af því kaup. Í samræmi við þetta sundurliðar stefnandi kröfur sínar svo:

„Kröfur vegna orlofsuppgjör 18.12. 1987:

a) Greidd verði óunnin yfirvinna í óteknu sumarorlofi, þ.e.:			
Ógreidd yfirvinnulaun í sumarleyfi pr./klst. 735,17 (173,33 x 1,2921)			kr. 164.678
Áður greidd dagvinnulaun í sumarleyfi, sbr. launaseðil, dags. 18.12. 1987			kr. 94.991
	Ógreitt		kr. 69.687
b) Greidd verði yfirvinna í orlofi, þ.e.:			
Yfirvinna pr./mán.			
25 klst. x 1,2921 = 32.30 x 735,17			kr. 23.746
	Samtals		kr. 93.433

Kröfur vegna vangoldinna launa á biðlaunátíma:

a) Föst yfirvinna 25. klst. pr./mán. Tímakaup í yfirvinnu er 1% mán-
aðarlauna frá janúar 1988 til maí 1988, en 1,0385 af mánaðarlaunum frá
1. júní 1988.

Janúar 1988: Miðað er við 150. lfl.,			
5. þrep, 25 x 757,22	kr.	18.931	
Orlof á yfirvinnu 19.309 x 11,59	”	2.194	kr. 21.125
Febrúar 1988:			
Föst yfirvinna 25 x 772,36	”	19.309	
Orlof 19.309 x 11,59%	”	2.238	kr. 21.547
Mars 1988:			
Föst yfirvinna 25 x 772,36	”	19.309	
Orlof 19.309 x 11,59%	”	2.238	kr. 21.547
Apríl 1988:			
Föst yfirvinna 25 x 772,36	”	19.309	
Orlof 19.309 x 11,59%	”	2.238	” 21.547
Maí 1988:			
Föst yfirvinna 25 x 772,36	”	19.309	
Orlof 19.309 x 11,59%	”	2.238	kr. 21.547
Júní 1988:			
Föst yfirvinna 25 x 861,29	”	21.532	
Orlof á yfirvinnu 21.532 x 11,59%	”	2.496	kr. 24.028
	Krafa samtals		kr. 224.774

Stefnandi lýsti því fyrir dóminum, að árið 1984 hefði hann samið um við Guðmund Pálmason, forstöðumann jarðhitadeildar í Orkustofnun, að fá fasta yfirvinnu greidda. Frá og með mars 1986 mun yfirvinna þessi hafa verið 25 klst. á mánuði. Stefnandi kvað sinn skilning hafa verið þann, að um væri að ræða aukagreiðslur, án þess að vinna kæmi á móti, og þetta væri leið til þess að bæta launin. Stefnandi kvaðst hafa fært þann tíma, sem hann hefði varið til lestrar fræðiritra, á vinnuskýrslur og fengið þannig þá vinnu greidda. Sama máli hefði gegnt um vinnu vegna ónæðis, sem hann hefði orðið fyrir utan reglulegs vinnutíma.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki tekið orlof á sumarorlofs-tíma að beiðni yfirmanns síns.

Í bréfi stefndu, Orkustofnunar, til iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 8. nóvember 1988, kemur fram, að þessari staðhæfingu stefnanda er ekki mótmælt.

Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Guðmundur kvað hafa verið samið við langflesta starfsmenn í Orkustofnun um einhvern fjölda yfirvinnutíma, sem hefði verið metið meðaltal yfir allt árið, en af hagkvæmnisástæðum dreift jafnt á alla mánuði ársins til greiðslu. Þetta hefði verið greiðsla fyrir ýmiss konar ónæði, sem starfsmenn verði fyrir heima hjá sér vegna vinnu sinnar utan venjulegs vinnutíma, og eins fyrir lestur fagtímarita og bóka. Það hefði verið skýrt tekið fram við starfsmennina, að ekki væri verið að semja við þá um greiðslur fyrir óunna yfirvinnu. Af hálfu stofnunarinnar hefði ekki verið haft eftirlit með þessari vinnu.

— — —

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafði við starfslok sín hjá stefndu, Orkustofnun, ekki tekið orlof, er svaraði 1,2921 mánuði. Starfslokinn gerðu stefnanda ókleift að taka orlof árið 1988. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt til kaupgreiðslna fyrir ótekið orlof, en aðilar deila um, hverjar þær skuli vera.

Stefnanda voru greiddar allt frá árinu 1984 fastar yfirvinnustundir mánadaglega, síðast 25 stundir. Stefnandi skilaði engum vinnuskýrslum um þá yfirvinnu, og ekki var fylgst með því á annan hátt af yfirmönnum hans, hvort hann vann allar þessar stundir, einhverjar þeirra eða engar. Þetta fyrirkomulag mun hafa tíðkast meginhluta þess tíma, sem starfsmönnum Orkustofnunar var greidd yfirvinna af þessu tagi.

Yfirmaður stefnanda í Orkustofnum, sem gaf skýrslu fyrir dóminum, sagði, að þessi yfirvinna hefði verið ætluð sem greiðsla fyrir lestur fagbóka

og fagtímarita og vegna ónæðis utan venjulegs vinnutíma. Þá hefur fram komið, að yfirvinna þessi hafi að einhverju leyti verið tekin upp til þess að bæta samkeppnisaðstöðu Orkustofnunar um sérmenntaða starfsmenn í einstökum starfsgreinum. Starfsmennirnir fengu yfirvinnu þessa greidda jafnt í orlofi sem annars. Einn af forsvarsmönnum Orkustofnunar sagði, að yfirvinnan hefði verið miðuð við ákveðinn fjölda stunda á ári og honum síðan dreift jafnt á alla tólf mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum.

Óupplýst er, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður um það af hálfu stefndu í samningum við stefnanda eða aðra starfsmenn um yfirvinnuna eða í framkvæmd allt þar til eftir starfslok stefnanda, að yfirvinnan skyldi ekki greidd í orlofi. Samningar um yfirvinnu þessa munu hafa verið munnlegir, og það, sem fram er komið um þá í málinu, þykir benda til þess, að miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði fremur en ári. Fyrirkomulag og framkvæmd á yfirvinnu þessari þykir hafa verið með þeim hætti, að líta verði á hana sem hluta af föstu, umsömdu kaupi stefnanda, sem hann hafi átt rétt á að fá greitt í orlofi sem annars.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái greiddar 32,30 yfirvinnustundir vegna ótekens orlofs síns.

Næst skal vikið að þeirri kröfu stefnanda, að hann fái annað kaup sitt í óteknu orlofi greitt með yfirvinnu.

Fyrir liggur í málinu viðurkenning stefndu. Orkustofnunar, á því, að stefnandi hafi verið beðinn að fresta orlofstöku sinni fram yfir sumarorlofstímabil 1987. Þá hefur komið fram í málinu, að það hafi verið vel þegið, að starfsmenn Orkustofnunar tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins, vegna þess að sumarið sé þar háannatími.

Aðilar eru sammála um það, að ekki geti stofnast réttur starfsmanni til handa til þess að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi, nema því aðeins að yfirmaður hafi beðið starfsmanninn að fresta orlofstöku fram yfir sumarorlofstímabil.

Því er haldið fram af stefndu, að greiðsla yfirvinnu komi ekki til fyrir en að loknu sumarorlofstímabili næsta árs og því aðeins að starfsmaður hafi ekki getað tekið orlofið fyrir það tímamark.

Eins og fyrr greinir, voru starfslok stefnanda hjá stefndu um áramót 1987/1988. Því gat stefnandi ekki flutt orlofið til næsta árs og tekið það þá, sbr. ákv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og gr. 4.7.2. í kjarasamningi. Stefnanda var því ókleift að taka orlof með venjulegum hætti árið 1988. Burtséð frá (sic) því, hvort rétt kunni að vera eða ekki sú skýring stefndu á gr. 4.7.2. í kjarasamningi, að ótekið orlof eigi ekki að greiða með yfirvinnukaupi fyrr en eftir lok næsta orlofstökuárs, eftir að orlofið féll til, þá þykir, eins og hér stendur á, verða að skýra þessa samningsgrein svo,

að stefnandi eigi samkvæmt henni rétt á því að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi. Má hér einnig hafa í huga ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971.

Stefnanda voru greidd biðlaun í sex mánuði frá 1. janúar 1988 að telja, sem svöruðu launum fyrir dagvinnu. Einnig var honum greitt orlofsfé af þeim launum. Aðilar deila því ekki um rétt stefnanda til biðlauna, heldur einungis um það, hver þau skuli vera.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu, að líta yrði á þá 25 yfirvinnutíma, sem stefnandi fékk greidda mánaðarlega, sem hluta af föstu kaupi hans, sem greiða bæri honum í óteknu orlofi. Þetta leiðir sjálfkrafa til þess, að taka ber til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái einnig þessa yfirvinnu greidda á biðlaunatíma.

Fyrir liggur, að stefnanda hefur verið greitt orlof af því dagvinnukaupi, sem honum var greitt á biðlaunatímanum. Þykir verða að skoða það sem viðurkenningu stefndu á því, að hann eigi rétt á að fá orlof greitt á þau laun, sem honum bera á biðlaunatímanum. Niðurstaða dómsins verður því sú samkvæmt þessari viðurkenningu, að stefnandi eigi rétt á að fá greitt orlof af hinni föstu yfirvinnu, sem að framan var talið, að hann ætti rétt á að fá greidda á biðlaunatímanum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er niðurstaða dómsins sú, að kröfur stefnanda beri að taka til greina að fullu, þó þannig, að samkvæmt kröfu stefnanda um upphafstíma vaxta þykir rétt, að vextir leggist við höfuðstól 1. febrúar, í fyrsta sinn árið 1989.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 80.000 kr.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm, en uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna annarra embættisskyldna dómarsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkisskjóðs, greiði in solidum stefnanda, Gunnari Johnsen, 224.774 kr. með 51,6% dráttarvöxtum á ári af 114.548 kr. frá 1. febrúar 1988 til 28. febrúar 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári af 136.105 kr. frá 1. mars 1988 til 31. mars 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári af 157.652 kr. frá 1. apríl 1988 til 30. apríl 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári af 179.199 kr. frá 1. maí 1988 til 31. maí 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári af 200.746 kr. frá 1. júní 1988 til 30. júní 1988, með 40,8% dráttarvöxtum af 224.774 kr. frá 1. júlí 1988 til 31. júlí 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1988 til 30. september 1988, með 23,6% dráttarvöxtum á ári frá

1. október 1988 til þingfestingardags, 4. október 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 80.000 kr. í málskostnað, og beri hann dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
